

Efni: Umsögn Breiðafjarðarnefndar um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða

Breiðafjarðarnefnd fagnar viðleitni sem fram kemur í frumvarpsdrögunum um að samræma og einfalda núverandi fyrirkomulag náttúruverndarsvæða á Íslandi, enda full ástæða til.

Á meðal markmiða lagasetningarinnar eru einföldun og samræming á rekstri og stjórnun náttúruverndarsvæða. Ljóst er að samræming mun verða auðveldari innan þessa ramma en Breiðafjarðarnefnd hefur áhyggjur af því hve flókið og fjölmennst stjórnskipulagið stefnir í að verða. Telur hún þess vegna að óvíst sé að um raunverulega einföldun verði að ræða. Mikill fjöldi fólks mun eiga beina aðkomu að starfsemi þjóðgarðastofnunar, umdæmisráðum og stjórnun náttúruverndarsvæða. Gott getur verið að auka dreifstjórnun og auka aðkomu heimamanna en reyna mun á stjórnunarhæfileika lykilstjórnenda þjóðgarðastofnunar, umdæmisráða og stjórna til að kerfið verði ekki of þungt í vöfum. Æskilegt væri að leitast við að einfalda og skýra stjórnskipulagið í frumvarpinu.

Staða Breiðafjarðarnefndar verður ekki að öllu leyti augljós náí frumvarpið fram að ganga og óskar nefndin eftir að hún verði skýrð nánar. Breiðafjarðarnefnd leggur þann skilning í frumvarpið að hún muni áfram starfa á svipaðan hátt og áður, enda gildi lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar áfram óbreytt. Breiðafjarðarnefnd verði áfram skipuð með óbreyttum hætti og fái e.t.v. hliðstæða stöðu við stjórnir þjóðgarða og falli því undir umdæmisráð og forstjóra þjóðgarðastofnunar. Ekki er ljóst hvort umsjón fjármála nefndarinnar færist til þjóðgarðastofnunar, sem og starfsmaður sem hún hefur haft skv. samningi við Náttúrustofu Vesturlands. Þetta kemur hvorki fram með beinum hætti í frumvarpsdrögum né skýringum og þyrfti að bæta úr því. Mikilvægt er að tryggja að launaðir starfsmenn sem vinna í tengslum við verndarsvæði Breiðafjarðar verði áfram staðsettir við Breiðafjörð, sbr. markmið laganna um að styrkja landsbyggðir, og að starfsemin í tengslum við verndarsvæðið verði stóraukin – í samræmi við mikilvægi svæðisins á lands- og heimsvísu.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir fjölmönnum umdæmisráðum. Til að draga úr óvissu væri æskilegt að skilgreina stærð og legu umdæmanna í frumvarpinu.

Í frumvarpsdrögunum er ekki gert ráð fyrir neinni faglegrri þekkingu þeirra sem skipaðir yrðu í umdæmisráð eða stjórnir. Þetta útilokar auðvitað ekki að fagmenn á sviði umhverfis- og menningarmála verði skipaðir í stjórnirnar en ekkert tryggir það. Í Breiðafjarðarnefnd hafa alla tíð setið fagmenn á sviðum menningarminja og náttúru ásamt öðrum fulltrúum. Þetta hefur verið nefndinni mikilvægt í sínum störfum og mælir hún með að sá háttur verði hafður á. Þetta myndi líka koma til móts við þær athugasemdir sem frumvarpsdrögin hafa fengið um að menningarhluta verndarsvæða sé ekki gert nægilega hátt undir höfði. Tæplega má þó fjölga í umdæmisráðum og stjórnun og yrði það þá á kostnað einhverra annarra, sem e.t.v. gætu sameinast um tilnefningar. Það fyrirkomulag sem haft hefur verið um skipun í Breiðafjarðarnefnd hefur mælst vel fyrir og gæti því að einhverju leyti verið til fyrirmyndar hvað umdæmisráð varðar.

Að undanfögnu hefur meðal annars verið ræddur sá möguleiki að stofnaður yrði þjóðgarður í Breiðafirði. Ef af verður, yrði um að ræða fyrsta þjóðgarð Íslendinga í sjó og gríðarstórt skref í náttúruvernd hér á landi. Slíkt svæði virðist að flestu leyti koma til greina sem þjóðgarður í

fyrirliggjandi frumvarpsdrögum, nema hvað í 7. grein er aðeins talað um land en ekki sjó. Því þarf að breyta.

Varðandi umfjöllun um eignarhald virðist einnig ólíklegt að hægt væri að stofna þjóðgarð sem næði utan um þéttbýli, þótt í einhverjum tilfellum væri það möguleiki.

Mikilvægt er að frumvarp um þjóðgarða bjóði upp á þann möguleika að stofna þjóðgarð í sjó og/eða utan um þéttbýli. Í slíkum tilfellum gæti þurft að aðlaga leikreglur í samræmi við hversu frábrugðin slík svæði eru dreifbýli á landi. Tengist það m.a. ólíku eignarhaldi og nýtingu lífrænna auðlinda. Í 29. grein er til að mynda sagt að óheimilt sé að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði, nema með sérstöku leyfi þjóðgarðastofnunar. Þarna virðist einkum horft til einhvers konar þjónustustarfsemi en ef um er að ræða nýtingu auðlinda hafsins, sem þegar er undir ýmiss konar stjórn og eftirliti, gæti þurft að finna leið sem yrði ekki of þung í vöfum, án þess að slegið væri af kröfum um sjálfbærni og að þjóðgarðsyfirvöld gætu gripið inn í ef vísbendingar væru um annað.

Virðingarfyllt,
f.h. Breiðafjarðarnefndar,



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar